



Alþingi  
Erindi nr. Þ 139/1616  
komudagur 8.3.2011

## RÍKISLÖGREGLUSTJÖRINN

Reykjavík 7. mars 2011

Tilvísun: 2011020261

50.03

Tilvísun yðar: Þskj. 814 - 495. mál

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

### Efni: Umsögn um frumvarp til umferðarlaga

Ísáð er til tölvupósts nefndasviðs Alþingis til ríkislögreglustjóra 24. febrúar sl. þar sem leitað er umsagnar um frumvarp til umferðarlaga, 495. mál.

Af hálfu ríkislögreglustjóra eru gerðar eftirfarandi athugasemdir/tillögur að orðalagi:

Samkvæmt 1. mgr. 67. gr. frumvarpsins, um æfingaakstur, þarf leiðbeinandi að hafi fengið leyfi lögreglustjóra til að æfa nemanda sem hlotið hefur nauðsynlegan undirbúning hjá ökukennara. Í niðurlagi málgreinarinnar segir að heimilt sé að afturkalla leyfi ef sérstaklega stendur á. Ekki kemur fram á hvers valdi það er. Í 62. og 63. gr. frumvarpsins er fjallað um hlutverk Umferðarstofu þegar kemur að ökukennslu og ökuréttindum og í 64. gr. frumvarpsins um vald Umferðarstofu til að svipta starfsleyfi. Til að taka af vafa í þessum efnum er lagt til að í ákvæðinu komi fram að lögreglustjóra sé heimilt að afturkalla leyfi ef sérstaklega stendur á. Þannig væri sama setning endurgerð á þessa leið: Lögreglustjóra er heimilt að afturkalla [...].

Í 1. mgr. 81. gr. frumvarpsins um varanleg sérákvæði og fleira segir að hafa skuli samráð við sveitarstjórn og lögreglu í tilvikum sem talin eru í ákvæðinu. Er lagt til að í stað lögreglu komi lögreglustjóri. Í 3. mgr. er lagt til að sama breyting verði gerð. Ákvarðanir þær sem ákvæðið tekur til eru viðfangsefni lögreglustjóra. Í þessu sambandi er nefnt til fróðleiks að í 12. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 er ákvæði um samstarfsnefndir lögreglu og sveitarfélaga. Þar er vettvangur til þess að fjalla um sams konar álitafni og talin eru upp í 81. gr. frumvarpsins.

Í 6. mgr. 84. gr. frumvarpsins er lagt til að fellt verði brott ákvæði um að stöðuverði sé heimilt að leggja hald á stæðisskort. Viðbrögð borgara geta verið með ýmsum hætti og þá er beinlínis varhugavert að setja stöðuvörð í þetta hlutverk. Það er nægjanlegt að stöðuvörður geti komið upplýsingum til lögreglunnar ef hann verður var við að stæðisskort sé misnotað.

Í 1. og 2. mgr. 88. gr. frumvarpsins um eftirlit lögreglu og Vegagerðarinnar er orðið lögregla notað í þrjú skipti. Er lagt til að í 1. mgr. standi lögreglumanni er heimilt að [...] og í upphafi 2. mgr. standi telji lögreglumaður við eftirlit samkvæmt 1. mgr. og loks í sömu málgrein standi skal hann kalla til eftirlitsmann Vegagerðarinnar. Með þessu er reynt að samræma

## RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN


hugtök og stöðuheiti. Lögregla vísar til stofnunar en þegar kemur að framkvæmd eins og 88. gr. frumvarpsins lýsir er rétt að nota stöðu- eða starfsheiti þess sem framkvæmir verk.

Lagt er til að bætt verði í 91. gr. frumvarpsins að ráðherra leiti umsagnar ríkislögreglustjóra um hæfi og þjálfun eftirlitsmanna sem ákvæðið tekur til. Þannig mætti stranda: Ráðherra setur í reglugerð, að fenginni umsögn ríkislögreglustjóra, ákvæði um hæfi [...]. Hér skiptir máli að ríkislögreglustjóri fer með málefni lögreglunnar í umboði innanríkisráðherra, hlutverk sem ákvæðið tekur til kemur inn á verksvið lögreglunnar, tæki, búnað og skilríki er nauðsynlegt að samræma o.fl. Þá er líklegt að Lögregluskóli ríkisins komi hér við sögu með kennslu og þjálfun eftir því sem við á.

Í 4. mgr. 93. gr. frumvarpsins er ákvæði sem rétt þykir að vara við. Hlutverk eftirlitsmanna Vegagerðarinnar og samstarf þeirra og lögreglumanna er með ákveðnum hætti. Ákvæði þess efnis að grunaður maður geti upplýst Vegagerðina um atriði sem hafa gildi í sakamáli en að Vegagerðinni sé óheimilt að vísa slíkum upplýsingum til lögreglu er óæskilegt. Hagsmunir sem standa að baki sambærilegu ákvæði samkeppnislaga eru af öðrum toga.

Í 2. mgr. 110. gr. um álagningu og innheimtu er lagt til að í stað lögreglan komi lögreglustjóri.

F.h. RLS

  
Gísli Pálsson / Thelma Clausen Þórðardóttir